

Knattspyrnan að hefjast:

Afmælisleikur Fram við Akra- nes á sumardaginn fyrsta

Knattspyrnulið frá Sjálandi leikur hér
fjöra leiki í júlímánuði.

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ Fram hélt afmælishátíð í tilefni 50 ára afmælis síns í Sjálfstæðishúsinu 8. marz sl. Félaginu bárust margar góðar gjafir og fjöldi heillaskeyta, m. a. 50 þús. kr., sem nokkrir félagsmenn gáfu. Þá hefur félagið fengið leyfi fyrir lóð við Miklubraut, þar sem ætlunin er að byggja félagsheimili og nokkra æfinga velli. Ekki mun vera mögulegt að hefja framkvæmdir við bygg-
ingarnar í ár.

Fyrsti knattspyrnuleikur árs-
ins verður afmælisleikur Fram,
sem verður á fimmtudaginn kl.
5 síðdegis. Leikur Fram þá við
Akurnesinga, sem eru Íslands-
meistarar í ár. Þá eru ráðgerðir
nokkrir afmælisleikir í yngri

flokkunum, en Fram sendir alls
11 flokka til keppni í sumar.

DANSKUR FLOKKUR

Hingað kemur í sumar dansk
ur knattspyrnuflokkur í boði
Fram. Er það unglingsflokkur
úr Roskilde Boldklub A-1906.
Þá kemur hingað á vegum
Fram úrvalslið frá knattspyrnu
sambandi Sjálands. Verður það
hér 10.—20. júlí og leikur 4
leiki. Hinn 20. júlí fer svo
meistaraflokkur Fram til Dan-
merkur í boði Knattspyrnusam-
bands Sjálands og leikur þar 3
leiki.

Júgóslavneskir komm- únistar endurskoða stefnuskrá sína.

BELGRAD í föstudag. Stefnu-
skrá júgóslavneska kommún-
istaflokksins hefur verið ræki-
lega endurskoðuð til þess að
ganga til móts við gagnrýni
Sovétríkjanna og hindra, að
löndin í austurblökkinni neiti
að senda fulltrúa til flokks-
þingsins, sem bráðlega á að
hefjast, segja góðar heimildir í
Belgrad.

Helztu breytingarnar miðast
við að draga úr gagnrýni á
stefnu Sovétblakkarinnar og
hefur verið gengið svo langt að
telja Varsjár-bandalagið rétt-
lætánlegt vegna vígbúnaðar
vesturveldanna. Hingað til hef-
ur Júgóslavía verið andvíg öll-
um hernaðarbandalögum.

Mörg önnur atriði stefnu-
skrárinnar, þar sem eru ásak-
Framhald á 8. síðu.



Ásgerður Ester Búadóttir og „Fiskurinn largi.“

Sýning á myndvefnaði og glermyndum opnuð í dag

Myndvefnaður eftir Ásgerði Ester
Búadóttur og glermyndir eftir
Benedikt Gunnarsson.

Í DAG verður opnuð í Sýn-
ingarsalnum við Hverfisgötu
sýning á myndvefnaði eftir Ás-
gerði Ester Búadóttur og gler-
myndum eftir Benedikt Gunn-
arsson.

Ásgerður hóf nám í Handíða
og myndlistarskólanum en inn-
ritaðist síðan, haustið 1946, í
Konunglega akademíu í Kaup-
mannahöfn og stundaði þar
myndlistarnám næstu þrjá vet-
ur. Eftir að Ásgerður kom heim
hefur hún lagt stund á mynd-
vefnað og átt verk á nokkrum
sýningum, nú síðast á samnor-
rænu sýningunni í Gautaborg,
þar sem henni var boðið að
sýna þrjá vefnaði. Einnig átti
hún vefnaði á alþjóðlegu sýn-
ingunni í München sumarið

1956 og hlaut þá gullverðlaun
sýningarinnar fyrir eina mynd
sína. Þetta er þó í fyrsta sinn,
sem hún efnir til sjálfstæðrar
sýningar. Öll verk hennar á
þessari sýningu eru unnin úr
íslenskri ull.

Benedikt Gunnarsson útskrif-
aðist frá Handíða og myndlist-
arskólanum árið 1948, stund-
aði síðan nám við Akademíu
og Ríkislistasafnið í Kaup-
mannahöfn. Þá dvaldi hann um
skeið í Frakklandi og á Spáni.
Hann hélt fyrstu sjálfstæðu mál
verkasýninguna 1953 í París.
Árið 1954 hélt hann sjálfstæða
sýningu í Listamannaskólanum.
Hann hefur tekið þátt í mörgum
samsýningum íslenskra
myndlistarmanna bæði hér á
landi og erlendis.

Benedikt sýnir eingöngu
glermyndir á þessari sýningu,
en hann hefur málað undanfar-
ið ár á gler með þar til gerðum
gagnsæjum litum. Benedikt
hefur í hyggju að setja upp
stóra einkasýningu í haust.

Búið að ná Drott út úr ísnum.

BERGEN, fimmtudag (NTB).
Hjálparskipið Salvator hefur
sent skýti, þar sem segir, að
skipið sé komið út á auðan sjó
með Drott í eftirdragi. Freigát-
an Draug er á leið til Salvator
og mun láta það hafa kol. Enn
er ekki ákveðið, hvort Draug
heldur inn í ísinn til að bjarga
Maiblomsten, sem enn er fast í
ísnum.

Utanþingsstjórnin í Finnlandi fallin á hækkuðu kornverði.

Vantrauststillaga jafnaðarmanna samþykkt með
143 atkvæðum gegn 50.

HELSINGFORS, föstudag. (NTB). — Vantraust var sam-
þykkt á finnsku stjórnina í þinginu í dag og strax á eftir féllst
Kekkonen, forseti, á lausnarbeiðni Rainer von Fieandt forsætis
ráðherra. 143 greiddu atkvæði gegn stjórninni og aðeins 50
með henni í atkvæðagreiðslu um vantrauststillögu, sem jafn
aðarmenn höfðu lagt fram.

Atkvæðagreiðslan táknaði
enda fjögurra daga umræðna,
sem langt yfir 100 ræðumenn
höfðu tekið þátt í. Hin form-
lega ástæða fyrir vantraustinu
voru fyrirsprungir frá bænda-
flokki og jafnaðarmönnum
um verð á brauði og lögum um
verðlag landbúnaðarafurða.
Byggðust fyrirsprungirnar á
hækkun kornverðs nýlega.

Í vantrauststillögunni
sagði leiðtogi jafnaðarmanna,
Gunnar Henriksson, að stjórnin
hefði ekki gætt þess nægjan-
lega, að hagsmuna launþega og

smábænda væri gætt. Var það
skilyrði sett, að stjórnin yrði
að lækka kornverðið á ný.

Með vantraustinu greiddu
atkvæði jafnaðarmenn, óháðir
jafnaðarmenn, bændaflokkur
inn og kommúnistar. Stjórnin
naut stuðnings sameiningar
flokksins og sænska og
finnska þjóðflokksins. Meðal
stjórnmalamanna er talið, að
það hafi ekki verið svo mjög
kornverðið, sem felldi stjórn-
ina, eins og væntanlegar kosn-
ingar. Stjórnarkreppa var í
Finnlandi í október og nóvem-
ber sl. og lauk henni eftir
42 daga með því, að Kekkonen
forseti, útnefndi utanþings
stjórn undir forsæti von Fie-
andts, aðalbankastjóra finnska
þjóðbankans. Allan stjórnar-
tíma sinn var von Fieandt
gagnrýndur af svo til öllum
fyrir hæfileikaleysi og aðgerð-
arleysi. Forsetinn hefur beðið
von Fieandt um að sitja, þar
til ný stjórn hafi verið mynd-
uð.

Því búnu tók til máls Eigil-
Knuth greifi, sem lýsti yfir
gleði sinni yfir því, að þessum
merka degi væri náð, er Færeyska
sjómannaheimilið í Rvík
væri opinberlega vígt. Þakkaði
hann íslenzku ríkisstjórninni,
kirkjunni og bæjarstjórn Rvík-
ur fyrir stuðning við málið.
Ambassadorinn las upp heilla-
skeyti frá H. C. Hansen, for-
sætis- og utanríkisráðherra
Danmerkur, og bréf frá Lands-
sambandi ísl. útvegsmanna, þar
sem látið er í ljós þakklæti til
færeyskra sjómanna vegna
starfa á íslenzka fiskiflotanum
og afhent 15 000 kr. gjöf til sjó-
mannaheimilisins sem þakklæti
isvottur. Þessu næst tók til
máls Joen Joensen, prófastur í
Þórshöfn og vígðj heimilið. Auk
þess töluðu Gunnar Thorodd-
sen borgarstjóri, K. Djuurhus
lögmaður og Ásmundur Guð-
mundsson biskup, sem afhenti
nýprentaða biblíu að gjöf til
Færeyska sjómannaheimilisins
með orðunum: „Látið Krists
orð ríkulega búa hjá yður.“
Forstöðumaður, sjómannaheim-
ilisins þakkaði árnaðaróskir og
gjafir og að lokum mælti Joen-
sen prófastur lokaorð. Að síð-
ustu var sunginn færeyskur
sálmur.

BANDARÍKJAMENN SETJA FRAM ENDUR- SKOÐAÐA TILLÖGU Í LANDHELGISMÁLINU

Byggir á því, að réttur annarra ríkja til að
fiska skuli ekki skertur að verulegu leyti.

GENE, föstudag (NTB—
AFP). Bandaríkjamenn lögðu í
dag fram nýja tillögu um stærð
landhelginna á sjóréttarráð-
stefnunni í Genf. Tillagan fel-
ur í sér, að landhelgi ríkis skuli
vera takmörkuð við sex sjómílur,
en strandríki skuli hafa
sama rétt til að veiða innan 12
mílna beltis, eins og þau hafa í
landhelginni.

Tillagan, sem kom fram rétt
áður en viðkomandi nefnd lagði
síðustu hönd á álit sitt, er end-

urskoðuð útgáfa á upprunalegu
tillögunni frá Bandaríkjunum
um stærð landhelginna. Amer-
íska tillagan byggir á því, að
réttur annarra ríkja til að fiska
skuli ekki skertur verulega.
Önnur gerir ráð fyrir, að
strandríki geti ekki útilokað
önnur ríki frá fiskveiðum á
yztu sex mílum 12 mílna beltis-
ins, ef viðkomandi ríki hafi
fiskað þar reglulega næstu
fimm ár á undan. Annars hafa
komið fram tillögur bæði um 6
og 12 mílna landhelgi.

Húsvilltir vegna flóða.

Stolið af Townsend

PARÍS, föstudag. — Peter
Townsend var í dag rændur 320
sterlingspundum og tveim ferða-
töskum í París, segir franska
lögreglan. Townsend var á leið
heim eftir að hafa verið um
helgina á Spáni ásamt tveim
sonum sínum af fyrra hjóna-
bandi.